

Úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir árið 2002

Stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands hefur lokið úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2002. Stjórn sjóðsins var mikið ánægjuefni að fjalla um allan þann fjölda umsókna sem barst. Flestar þessara umsókna gefa til kynna metnaðarfullt, mikilvægt og áhugavert rannsóknastarf sem Háskóli Íslands getur verið stoltur af. Alls bárust 170 umsóknir í almennan hluta sjóðsins, átta í skráningarhluta og tvær um lausn frá kennslu. Samtals var sótt um 218,8 mkr.

Úthlutað var 108.630 þkr. til 149 verkefna í almennum sjóði eða að meðaltali 729 þkr. á hverja styrkta umsókn. Fjórir styrkir voru veittir til fræðilegra skráningarverkefna, alls 1.880 þkr. Tveir umsækjendur hlutu styrk vegna tímabundinnar lausnar frá kennslu (annarri en leiðbeiningu framhaldsnema) samtals að fjárhæð 827 þkr. Alls var því úthlutað úr Rannsóknasjóði 111.337 þkr. fyrir árið 2002.

Listi yfir styrkþega og verkefni þeirra fylgir hér með. Einnig eru sendar nokkrar töflur um úthlutunina auk greinargerðar um þær viðmiðanir sem úthlutunarnefndir studdust við.

Tafla I. Umsóknir: Almennur sjóður

| | Heildarupphæð umsókna (þkr) | Fjöldi umsækjenda | Fjöldi verkefna | Meðalupphæð á verkefni (þkr) |
|---------------------------|--------------------------------|----------------------|--------------------|------------------------------|
| Félags- og hugvísindasvið | 43.739 | 48 | 50 | 875 |
| Heilbrigðissvið | 87.567 | 57 | 59 | 1484 |
| Verk- og raunvísindasvið | 78.097 | 61 | 61 | 1280 |
| Alls | 209.403 | 166 | 170 | 1232 |

Tafla II. Styrkir: Almennur sjóður

| | Heildarupphæð styrkja (þkr) | Fjöldi styrkþega | Fjöldi styrktra verkefna | Meðalstyrkur á verkefni (þkr) |
|---------------------------|--------------------------------|---------------------|--------------------------------|-------------------------------|
| Félags- og hugvísindasvið | 22.910 | 42 | 42 | 545 |
| Heilbrigðissvið | 42.600 | 53 | 53 | 804 |
| Verk- og raunvísindasvið | 43.120 | 54 | 54 | 799 |
| Alls | 108.630 | 149 | 149 | 729 |

Tafla III. Styrkþættir (%): Almennur sjóður

| | Aðstoðarfólk umsækjenda | Yfirvinna | Kostnaður | Aðk. þjónusta | Ótilgreint* |
|---------------------------|----------------------------|-----------|-----------|---------------|-------------|
| Félags- og hugvísindasvið | 66% | 21% | 1% | 5% | 8% |
| Heilbrigðissvið | 90% | 1% | 4% | 0% | 5% |
| Verk- og raunvísindasvið | 80% | 5% | 1% | 2% | 13% |
| Alls | 81% | 7% | 2% | 2% | 9% |

*Umsækjandi ræður sjálfur hvernig hann ráðstafar styrk til tveggja eða fleiri styrkþátta.

Tafla IV. Skipting úthlutunar milli deilda Rannsóknasjóðs

| | Þkr. | Hlutfall % |
|-------------------------------|----------------|------------|
| Almennur sjóður | 108.630 | 97,5 |
| Lausn frá kennslu | 827 | 0,5 |
| Skráningarsjóður | 1.880 | 2,0 |
| Samtals úthlutað 2002: | 111.337 | 100 |

Fylgiskjal II. - Listi yfir styrkþega (6. bls.)

ÚTLUTANIR ÚR RANNSÓKNASJÓÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS 2002

| FÉLAGS- OG HUGVÍSINDASVIÐ (22 910 þ.kr.) | þ.kr. |
|---|-------|
| Anna Agnarsdóttir, dósent. a) The Banks Correspondence 1772-1820 b) Great Britain and Iceland 1772-1820. | 200 |
| Ágústa Pálsdóttir, lektor. Félagslegur jöfnuður, heilsa og fjölmiðlamenning á Íslandi. | 600 |
| Ásgeir Jónsson, sérfræðingur. Áhrif frjálsra fjármagnshreyfinga á íslenska hagstjórn. | 150 |
| Baldur Þórhallsson, lektor. Staða Íslands í Evrópusamrunanum. | 700 |
| Bergljót Kristjánsdóttir, dósent. Kristnar Íslendingasögur. | 350 |
| Birna Arnbjörnsdóttir, aðjunkt. Má finna aldursáhrif í tileinkun mismunandi þátta íslensku sem annars máls. | 200 |
| Einar Sigurbjörnsson, prófessor og Kristján Valur Ingólfsson. Sálmar Lúthers | 150 |
| Friðrik Már Baldursson, vísindamaður og Jón Þór Sturluson. Hefur gjaldtaka af nýtingarleyfum og fyrirkomulag hennar áhrif á hagkvæmni nýtingar náttúruauðlinda? | 300 |
| Gísli Gunnarsson, prófessor. Íslensk utanríkisverslun 1602-1787. | 500 |
| Gísli Pálsson, prófessor og Agnar Helgason. Erfðasaga Inúíta og afdrif norrænu nýlendunnar á Grænlandi (ca. 950 - 1450). | 700 |
| Guðbjörg Hildur Kolbeins, lektor. Áhrif ofbeldis í myndmiðlum og tölvuleikjum á árásarhneigð unglunga. | 300 |
| Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, lektor. Félagslegur munur á starfshugmyndum unglunga. | 200 |
| Guðmundur Hálfðanarson, prófessor. Íslenskt þjóðerni. | 1200 |
| Guðni Elísson, lektor. Að lesa kvikmyndir. | 300 |
| Guðný Björk Eydal, lektor. Atvinnuþátttaka og umönnunarábyrgð foreldra barna 3 ára og yngri. | 600 |
| Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor og Sergio Morra. Menningarlæsi, menningarímyndir og skapandi starf. | 500 |
| Guðrún Nordal, dósent. Heildarútgáfa á dróttkvæðum. | 900 |
| Gunnar H. Kristinsson, prófessor og Ásthildur Elva Bernharðsdóttir. Áfallstjórnun: tengsl menningar og fyrirhyggju. | 400 |
| Gunnar Karlsson, prófessor. Íslandssöguhandbók á veraldarvef. | 650 |
| Hafdís Ingvarsdóttir, lektor. Starfskenningar íslenskra kennara. | 150 |
| Helgi Gunnlaugsson, dósent. Viðhorf Íslendinga til afbrota. | 800 |
| Hólmfríður Garðarsdóttir, aðjunkt. Greinar af sama meiði: íslenskar og argentínskar skáldkonur samtímans. | 300 |
| Jakob Smári, prófessor. Kvíði og kvíðanæmi hjá börnum og unglingum. | 600 |
| Jóhannes G. Jónsson, aðjunkt. Orðasafnsfall í íslensku. | 300 |
| Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor og Þórður Ingi Guðjónsson. Tómas postuli - Frá Sýrlandi til Íslands. | 700 |
| Jörgen Pind, prófessor. Lestrarnám og lesraskanir. | 900 |
| Kristín Loftsdóttir, lektor. Ímyndir Afríku á Íslandi. | 350 |
| Margrét Jónsdóttir, lektor og Viola Miglio. Spænsk - Íslensk orðabók. | 500 |
| Már Jónsson, dósent. Bókmenning á Íslandi 1100-1700. | 850 |
| Ragnar Árnason, prófessor. Samanburður á fiskveiðistefnu ýmissa landa. | 500 |

| | |
|--|------|
| Rannveig Traustadóttir, dósent. Konur í minnihlutahópum. | 1200 |
| Róbert H. Haraldsson, lektor. Hættur hugmyndafræði: Um fyrirfram-sannindi í heimspeki, fræðum og hversdagslífinu. | 600 |
| Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent. Kyn, dauðinn og hið kvenlega. Femínísk heimspekileg greining. | 250 |
| Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor. Áhættuhegðun ungs fólks: Langtímarannsókn. | 1090 |
| Terry Gunnell, lektor. Flokkun og stafræn skráning á íslenskum sögnum frá 18-20 öld. | 570 |
| Torfi H. Tulinius, dósent. Íslendingasagnaritun í alþjóðlegu samhengi. Hugmynda- og félagssögulegur grundvöllur sagnaritunar á 13. öld. | 700 |
| Unnur Dís Skaptadóttir, dósent. Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar. Útlendingar á Íslandi: möguleikar og mótlæti. | 800 |
| Valur Ingimundarson, lektor. Sögulegt minni og stríðsglæpir: Mikson-málið. | 600 |
| Zuïlma Gabriela Sigurðardóttir, lektor. Atferlismeðferð við broca-málstol. | 400 |
| Þorgerður Einarsdóttir, lektor og Rannsóknastofa í kvennafræðum: Irma Erlingsdóttir. Launamyndun og launamunur kynja í ljósi starfsmenningar þriggja starfshópa. | 700 |
| Þorvaldur Gylfason, prófessor. Jöfnuður menntun og hagvöxtur. | 350 |
| Þórólfur Þórlindsson, prófessor. Staða ungs fólks í ljósi samfélagseiningar og siðrofs. | 800 |

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ (42.600 þ.kr.)

þ.kr.

| | |
|---|------|
| Arthur Löve, dósent. Sameindalíffræðilegur samanburður í lifrabólguveiru B stofnum á Íslandi. | 600 |
| Ástríður Pálsdóttir, sérfræðingur. Rannsókn á hlutverki príon próteins. | 1200 |
| Bergljót Magnadóttir, vísindamaður og Sigríður Guðmundsdóttir. Áhrif ónæmisörvandi efna á þorskalifur. | 600 |
| Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, vísindamaður og Sigríður Guðmundsdóttir. Lýsing á eiginleikum mótefnavaka Moritella viscosa bakteríustofna sem hafa verið einangraðir úr sjúkum laxi í Skotlandi, Noregi og á Íslandi. | 1200 |
| Björn Guðbjörnsson, dósent og Brynja Gunnlaugsdóttir. Forspárgildi vaxtaþáttarins vascular endothelial growth factor (VEGF) við iktsýki. | 600 |
| Björn Rúnar Lúðvíksson, dósent. Áhrif TGFβ á þroskaferil óþroskaðra T frumna. | 850 |
| Einar Stefánsson, prófessor. Súrefnisbúskapur sjóntaugar í mönnum. | 1050 |
| Eiríkur Steingrímsson, prófessor og Aðalheiður Gígja Hansdóttir. Hvernig má skýra innangensuppbót Mitf stökkbreytingarinnar í mús? | 1500 |
| Eiríkur Örn Arnarson, dósent. Fyrirbygging þunglyndis meðal unglunga. | 600 |
| Elías Ólafsson, prófessor og Ástríður Pálsdóttir. Könnun á sjúkdómsferli vegna stökkbreytts cystatin C í arfgengri heilablæðingu. | 1000 |
| Elín S. Ólafsdóttir, dósent. Fjölsykrur í íslenskum fléttum. | 900 |
| Erla K. Svavarsdóttir, dósent. Aðlögun íslenskra fjölskyldna sem eiga barn eða unglung með krabbamein. | 350 |
| Friðbert Jónasson, prófessor. Augnrannsókn Reykjavíkur 1996 og 2001. | 650 |
| Guðjón Axelsson, prófessor og Elín Sigurgeirsdóttir. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Fjórði og síðasti áfangi árið 2000. | 300 |
| Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og Haraldur Halldórsson. Boðkerfi í æðapeli. Virkjun MAP-kinasa, JAK, P13K og Akt. Áhrif SIP. | 1700 |
| Guðrún Agnarsdóttir, sérfræðingur og Valgerður Andrésdóttir. Rannsókn á stjórnsvæði mæði-visnuveiru | 400 |

| | |
|--|------|
| Guðrún V. Skúladóttir, vísindamaður og Hilmar Björgvinsson. Áhrif lýsisneyslu á frjósemi sæðisfrumna. | 600 |
| Haraldur Briem, dósent og Ingibjörg Hilmarsdóttir. Framvirk rannsókn á orsökum iðrasýkinga: bakteríu-, veiru- og sníkjudýrasýkingar. | 400 |
| Helga Jónsdóttir, dósent. Þróun stuðningsmeðferðar fyrir sjúklinga með langvinna lungnasjúkdóma og maka þeirra. | 300 |
| Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor og Kristín Ingólfssdóttir. Áhrif lípoxýgenasahemjandi fléttuefna á krabbameinsfrumur. | 1500 |
| Helgi Valdimarsson, prófessor. Samanburður á sértækni gigtarmótefn(RF) iktsjúklinga og heilbrigðra. | 600 |
| Herdís Sveinsdóttir, dósent. Heilsufar flugfreyja, hjúkrunarfræðinga og kennara. | 400 |
| Inga B. Árnadóttir, lektor og Þorbjörg Jensdóttir. Drykkjarvenjur, glerungseyðing tanna og tannátutíðni meðal íslenskra ungmenna. | 350 |
| Ingibjörg Harðardóttir, dósent. Áhrif fiskolíu á frumuhvatamyndun mismunandi ónæmisfrumna í músum. | 950 |
| Ingileif Jónsdóttir, dósent. Bólusetning músa gegn pneumókokkasýkingum. | 1400 |
| Jón G. Stefánsson, dósent og Jóhann Axelsson. Þáttur melatóníns í árstíðabundnu þunglyndi. | 700 |
| Jón J. Jónsson, dósent. Þróun aðferða til rannsókna á kjarnsýrum í líkamsvökvum . | 700 |
| Jórunn E. Eyfjörð, dósent og Sigríður Klara Böðvarsdóttir. Óstöðugleiki litninga í brjóstakrabbameinum. | 1500 |
| Karl G. Kristinsson, prófessor. Sameindafaraldsfræði ónæmra Streptococcus pyogenes á Íslandi. | 1000 |
| Karl Skírnisson, vísindamaður. Blóðöggðusníkjudyf og sundmannakláði á Íslandi. | 600 |
| Kristín Ingólfssdóttir, prófessor. Líffræðilega virk efni í íslenskum fléttum. | 1400 |
| Kristín Ólafsdóttir, dósent og Elín V. Magnúsdóttir. Fjölhringja-kolvatnsefni í íslensku andrúmslofti- greining og áhættumat. | 400 |
| Kristján Erlendsson, dósent. Helga Kristjánsdóttir. Þáttur complement-skorts í sjálfsofnæmissjúkdómum. | 500 |
| Magnús Jóhannsson, prófessor og Lárus Steinþór Guðmundsson. Notkun lyfja við hjarta- og æðasjúkdómum á Íslandi. | 600 |
| Marga Thome, dósent og Eygló Ingadóttir. Andleg vanlíðan eftir barnsburð: Ber stuðningsmeðferð heilsugæsluhjúkrunarfræðinga árangur? | 400 |
| Már Mátsson, dósent. Samtenging á tvíleysnum efnem og rannsóknir á lyfjafræðilegum eiginleikum. | 1150 |
| Ólafur S. Andrésson, vísindamaður og Valgerður Andrésdóttir. Stökkbreytingar sem hafa áhrif á samvirkni Vif og Gag próteina í visnuveiru. | 900 |
| Páll Biering, sérfræðingur. Skýringarlíkön unglingsaofbeldis. | 200 |
| Peter Holbrook, prófessor og Gunnsteinn Haraldsson. Blóðkekkjandi Pr. melaninogenica og aðrar munnholsbakteríur. | 1500 |
| Reynir Tómas Geirsson, prófessor og Þórdís Kristmundsdóttir. Áhrif mónókaprín vatnshlaups við að varna vexti beta-hemolytískra streptókokka og klamydíu í leggöngum. | 1000 |
| Rúnar Vilhjálmsson, prófessor. Gjöld samfélagshópa vegna heilbrigðisþjónustu og áhrif á áframhaldandi þjónustunotkun. | 400 |
| Sigríður Guðmundsdóttir, fræðimaður. Átfrumur í þorski, Gadus morhua L. | 500 |

| | |
|--|------|
| Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, sérfræðingur og Sigurveig Sigurðardóttir. Rannsókn á ofnæmi gegn mýbiti. | 800 |
| Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður og Chen Huiping. Rannsóknir á CHK2 geni í æxlum. | 1000 |
| Stefanía Þorgeirsdóttir, sérfræðingur. Samband arfgerða þríongensins við riðusmit í íslensku sauðfé. | 400 |
| Stefán B. Sigurðsson, prófessor. Sléttir vöðvar í augnæðum. | 850 |
| Valgerður Andrésdóttir, vísindamaður og Ólafur S. Andrésson. Hlutverk Vif (viral infectivity factor) í lífsferli lentiveira. | 800 |
| Vilhjálmur Rafnsson, prófessor. Dánarmein og krabbamein meðal skipstjóra og stýrimanna. | 400 |
| Þorkell Jóhannesson, prófessor emeríti og Jón Snædal. Kopar, cerúlóplasmín, glútathion peroxidasi og súperoxíð dismútaði í sjúklingum með Wilsons sjúkdóm og nánustu ættingjum þeirra. | 250 |
| Þorsteinn Loftsson, prófessor. Rannsóknir á sýklódextrínfléttum. | 1700 |
| Þór Eysteinnsson, dósent og Eiríkur Steingrímsson. Áhrif stökkbreytinga í Mitf geni á sjónskynjun músa. | 700 |
| Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor. Rannsóknir og þróun á veirudrepandi lyfjum. | 1400 |
| Þórður Sigmundsson, dósent og Hannes Pétursson. Taugasálfræði geðklofa - erfðafræði truflunar á skilvitund. | 850 |

VERK- OG RAUNVÍSINDASVIÐ (43120 þ.kr.)

þ.kr.

| | |
|--|------|
| Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor, Marianthi Ierapetritou og Sirkka-Liisa Jamsa-Jounela. Lausnir á stýringum fjölbreytukerfa með altækri bestun. | 1000 |
| Arnþór Garðarsson, prófessor. Stofnstærðarstjórnun anda. | 800 |
| Ágúst Kvaran, prófessor og Victor Huasheng Wang. Ljósefnafræði og LASER litrófsgreining sameinda í andrúmsloftinu. | 1750 |
| Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor. Nýtt afbrigði trypsíns I með aukið viðnám gagnvart sjálfmeltu. | 900 |
| Áslaug Geirsdóttir, dósent. Samanburður á stöðuvatna- og landgrunnsseti á Íslandi: Vitnisburður umhverfisbreytingar síðastliðin 13000 14C ár. | 1200 |
| Birna Pála Kristinsdóttir, dósent. Þróun Blendialgríms til að leysa víðvær bestunarvandamál. | 700 |
| Bjarni Ásgeirsson, dósent. Erfðabreytingar á lághitansími úr kaldsjávarörveru. | 900 |
| Ebba Þóra Hvannberg, dósent. Matslíkan fyrir nytsemismælingar. | 450 |
| Egill B. Hreinsson, prófessor og Kristján Jónasson. Aðgerðarannsóknir við uppbyggingu vatnsaflsauðlinda og stórnýting þeirra. | 300 |
| Einar Árnason, prófessor. Mat á stökkbreytihraða í hvatbera DNA þorsksins, <i>Gadus morhua</i> . | 750 |
| Eva Benediktsdóttir, dósent. Þróun greiningartækni við leit að <i>Moritella viscosa</i> , sem veldur vetrarsárum í eldisfiski. | 700 |
| Fjóla Jónsdóttir, dósent og Magnús Þór Jónsson. Rannsóknir á áhrifum jarðskjálfta á pípukerfi. | 700 |
| Freyja Hreinsdóttir, sérfræðingur. Jacobíönsk ídul af þrílínulegum formum og stíguð Lie-algebra þeirra. | 200 |
| Gísli M. Gíslason, prófessor. Vatnsföll á Íslandi. Þörungur í jökulám og bergvatnsám á vatnasviði Vestari Jökulsár og þættir sem ákvarða útbreiðslu og þéttleika þeirra. | 1400 |

| | |
|---|------|
| Guðmundur Eggertsson, prófessor. Stjórnun á tjáningu hitalostsgena í <i>Rhodothermus marinus</i> . | 900 |
| Guðmundur G. Haraldsson, prófessor. Efnasmíðar eterlípiða með háu hlutfalli n-3 fjölómattaðra fitusýra. | 1550 |
| Guðmundur R. Jónsson, prófessor. Eftirlit með streymismælum. | 600 |
| Gunnlaugur Björnsson, prófessor. Afstæðilegir eldstrókar og orsakir gammablossa. | 300 |
| Hafliði P. Gíslason, prófessor. Veilur í A11-xGaxN og A11-xGaxAs. | 1800 |
| Halldór Þormar, prófessor. Sýkladrepani virkni náttúrulegra fituefna. | 1000 |
| Helgi Björnsson, vísindamaður. Könnun jöklabreytinga á Íslandi með kortagerð af yfirborði og líkangerð af ísflæði. | 1550 |
| Hermann Þórisson, vísindamaður. Rannsóknir í líkindafræði. | 300 |
| Hörður Filippusson, dósent. Hönnun og smíði lífherminna griphópa. | 250 |
| Inga Þórsdóttir, prófessor. Tengsl fæðingarstærðar við sjúkdóma síðar á ævinni. | 900 |
| Ingvar H. Árnason, dósent. Hringlaga kísilsameindir. | 720 |
| Jóhannes R. Sveinsson, dósent. Wavelet-vörpun til suðsúunar og flokkunar. | 1000 |
| Jón Atli Benediktsson, prófessor og Kolbeinn Árnason. Flokkun fjarkönnunargagna. | 1500 |
| Jón Eiríksson, vísindamaður. Greining á aldri og uppruna gjóskulaga í norðlensku landgrunnseti. | 300 |
| Jón I. Magnússon, dósent. Bjaganir staðfullkomins sniðs í fágaðri víðáttu með hliðsjón af legudívísor þess og fágaðrar fjölskyldu af keðjum í víðáttunni. | 200 |
| Jón K.F. Geirsson, prófessor og Ágúst Kvaran. Eðlisfræn efnafræði. | 1000 |
| Jón Ólafsson, prófessor og Árný Erla Sveinbjörnsdóttir. Súrefnissamsætur við norðurmörk hita-seltuhringrásar heimshafanna. | 300 |
| Jón S. Ólafsson, lektor og Árni Einarsson. Smádyrasamfélög í tjörnum. | 750 |
| Jón Tómas Guðmundsson, lektor. Rafgas í segulspætu. | 1000 |
| Jónas Þ. Snæbjörnsson, fræðimaður og Aflfræðistofa. Aflfræði iðustreymis og vindþrýstings á byggingar. | 300 |
| Lárus Thorlacius, prófessor. Strengir og þyngdarfræði. | 950 |
| Leifur A. Símonarson, prófessor. Uppruni íslensku sælindýrafánunnar. | 600 |
| Magnús M. Kristjánsson, dósent. Sameindafræðilegar forsendur hitastigsaðlögunar meðal subtilísín-líkra próteínasa. | 700 |
| Magnús Tumi Guðmundsson, dósent og Leó Kristjánsson. Eðlisfræði eldgosa í jöklum. | 900 |
| Magnús Þór Jónsson, prófessor og Tómas Philip Rúnarsson. Skipulagning með studdum lærdómi. | 1000 |
| Olgeir Sigmarsson, vísindamaður. Kjarneldfjallafræði og rishraði kviku undir íslenskum eldfjöllum. | 200 |
| Páll Einarsson, prófessor. Jarðskorpuhreyfingar ákvarðaðar með GPS-landmælingum. | 1250 |
| Páll Hersteinsson, prófessor. Stofnvistfræði hagamúsarinnar (<i>Apodemus sylvaticus</i>) á Kjalarnesi. | 400 |
| Ragnar K. Ásmundsson, sérfræðingur, Ari Ólafsson og Sveinn Ólafsson. Nanóbygging kolefnis í óhvarfgjörnum eðalvökva. | 600 |
| Róbert J. Magnús, prófessor. Ólínuleg fellagreining. | 200 |
| Sigríður H. Þorbjarnardóttir, sérfræðingur. Rannsóknir á DNA lígösum. | 500 |
| Sigurður Erlingsson, prófessor, Brynhildur Magnúsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson. Rannsóknir í jarðtækni, vegagerð og samgöngutækni. | 1000 |

| | |
|--|----------------------|
| Sigurður S. Snorrason, dósent og Skúli Skúlason. Myndun hornsílaafbrigða á Íslandi – áhrif umhverfis og erfða. | 900 |
| Stefán Arnórsson, prófessor. Jarðefnafræði vatns í Skagafirði. | 1750 |
| Tómas Philip Rúnarsson, sérfræðingur. Rannsóknir í reiknifræðilegri þróunarfræði. | 300 |
| Valgerður Edda Benediktsdóttir, fræðimaður. Áhrif sphingólípíða á adrenerg boðkerfi í hjarta. | 450 |
| Viðar Guðmundsson, prófessor. Seglun miðsærra rafeindakerfa. | 1200 |
| Þóra E. Þórhallsdóttir, prófessor. Íslenskar freðmýrarústir: útbreiðsla, vistfræði og saga. | 400 |
| Þórður Jónsson, vísindamaður. Óvíxlin skammtasviðsfræði. | 950 |
| Örn Helgason, prófessor. Mössbauerrannsóknir með Sn-119 (tin) samsætu. | 900 |
| Almennur sjóður, samtals | 108.630 þ.kr. |

SKRÁNINGARSJÓÐUR (1880 þ.kr.)

| | |
|---|-----|
| Auður Styrkárstöttir, forstöðumaður og Rannsóknastofa í kvennafræðum: Irma Erlingsdóttir. Skráning í gagnagrunn í kvenna- og kynjafræðum. | 280 |
| Ástráður Eysteinnsson, prófessor og Garðar Baldvinnsson. Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða. | 900 |
| Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður og Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræðum: Páll Biering. Ungt fólk, kyn og ofbeldi. | 600 |
| Óðinn Þórarinnsson, stundakennari. Ójónandi geislun. | 100 |

STYRKIR TIL KENNSLULEYFA (827 þ.kr.)

| | |
|--|-----|
| Pétur Knúttsson, lektor. Béowulf, Bjólfskviða og þriðji textinn. | 250 |
| Vilhjálmur Árnason, prófessor. Samþykki fyrir þátttöku í rannsóknum á gagnagrunnum með erfðafræðilegum upplýsingum og heilsufarsupplýsingum. | 577 |

Úthlutun úr Rannsóknasjóði, samtals **111.337 þ.kr.**

Rannsóknasjóður – viðmið

Helstu viðmiðunarreglur við úthlutun fyrir 2002

Sótt var um tæplega tvisvar sinnum hærri upphæð en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar. Aðeins í fáum tilvikum reyndist unnt að veita umbeðinn styrk að fullu, en leitast var við að styrkja góð verkefni eins og mögulegt var. Einnig var að hámarki veittur einn styrkur til hvers aðalumsækjanda.

1. Umsóknum var raðað neðarlega í forgangsröð og/eða hafnað þegar:

- a) Vísindalegt gildi verkefnisins var vafasamt.
- b) Virkni umsækjanda var lítil, þannig að ekki þótti líklegt að verkefnið myndi leiða til birtinga á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- c) Ekki var talið í verkahring Rannsóknasjóðs að styrkja verkefnið eða umsækjandann.
- d) Ekki varð séð að um væri að ræða þá sköpun eða öflun þekkingar sem gera verður kröfur um í háskólarannsóknunum.
- e) Umsókn var illa unnin. Óljóst var hvað umsækjandi hyggðist gera, hvenær og til hvers.
- f) Umsækjandi sýndi ekki fram á viðunandi framvindu verkefna sem hafa verið styrkt af sjóðnum.
- g) Kostnaðaráætlun var óraunhæf og ekki fundust leiðir til að veita fé í einstaka kostnaðarþætti þannig að gagn yrði að.
- h) Ekki varð séð að sá styrkur sem komið hefði til greina myndi skipta máli fyrir framgang verkefnisins.

2. Styrkir til yfirvinnu umsækjenda

Hámarksstyrkur til yfirvinnu, að þessu sinni 300 þkr., var aðeins veittur umsækjendum sem eiga ekki kost á umtalsverðri yfirvinnu eða kváðust ætla að draga verulega úr kennslu til að geta einbeitt sér að rannsóknunum. Vel rökstudd umsókn og góð framvinda var einnig skilyrði fyrir verulegum styrk til yfirvinnu.

3. Styrkir til launa aðstoðarmanna

Langstærsti hluti sjóðsins rann til launa aðstoðarmanna.

4. Annar kostnaður

Einstakir kostnaðarliðir þóttu stundum ofmetnir eða órökstuddir í umsóknum - eða ekki þótti í verkahring Rannsóknasjóðs að veita styrk til þeirra. Slíkir liðir voru gjarnan lækkaðir eða alveg skornir niður. Stefna sjóðsins er að styrkja ekki ferðakostnað erlendis nema þegar sýnt þykir að það sé algjörlega óhjákvæmilegt vegna eðlis verkefnis. Enn fremur var höfð hliðsjón af því hvort umsækjandi hefði aðgang að öðrum sjóðum sem veita ferðastyrki. Stjórn sjóðsins hefur markað sér þá reglu að veita ferðastyrki samkvæmt áætluðum kostnaði en ekki dagpeningaákvæðum.

- Tækjakostnaður. Sjóðurinn styrkir ekki tækjakaup, nema þau sem flokka má undir reksturskostnað (undir 50 þkr.). Þó má sækja á sérstöku eyðublaði Tækjakaupasjóðs um fé til kaupa á búnaði sem er nauðsynlegur því rannsóknaverkefni sem sótt er um til Rannsóknasjóðs. Fé til slíkra verkefnabundinna tækja er tekið af ráðstöfunarfé Tækjakaupasjóðs.
- Bókakaup voru ekki styrkt.
- Póstkostnaður, ljósritun, pappír og annar almennur rekstrarkostnaður var ekki styrktur.
- Í engum tilvikum var áfallinn kostnaður styrktur.

5. Alþjóðleg viðmið

Stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands telur að fræðileg viðfangsefni kennara og sérfræðinga Háskóla Íslands, jafnvel þau sem beinast að séríslenskum fyrirbærum, þurfi að vera þannig af hendi leyst að þau eigi jafnan erindi til alþjóðlegs samfélags vísinda- og fræðimanna á hlutaðeigandi fræðasviði. Stjórnin telur því að þau verkefni sem eru líklegust til að skila niðurstöðum er standast alþjóðlegar fræðakröfur eigi að hafa forgang þegar rannsóknafé Háskólans er skipt. Þeir sem meta styrkumsóknir í Rannsóknasjóð eru beðnir að huga sérstaklega að því hversu líklegt sé að fyrirhugað viðfangsefni gefi niðurstöður sem fást birtar í fræðiritum er gera og standast strangar kröfur.